



Skeiða-og Gnúpverjahreppur
Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri
Árnesi
901 SELFOSSI

Reykjavík, 05.12.2017
Tilv. vor: M-2017-082 / 07.00

Efni: Samráðshópur Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar

Vísað er til fundar fulltrúa Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 27. nóvember sl., þar sem farið var yfir mál sem tengjast virkjunarframkvæmdum og virkjunaráformum í Þjórsárdal. Einkum var rætt um aðkomu almennings og ferðamanna að Búrfellsskógi og Búrfellsstöð. Samkomulag varð um að setja á fót samráðshóp aðila til að greiða fyrir upplýsingagjöf og auka samráð um þessi mál og fleiri.

Af hálfu Landsvirkjunar er lagt til að samráðshópurinn fundi reglulega en honum verði ekki sett tímamörk að svo stöddu. Af hálfu Landsvirkjunar eru tilnefnd Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri og Einar Mathiesen, framkvæmdastjóri orkusviðs.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri